
Höskuldur Þórhallsson (Hovedindlæg)

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrstu þakka ráðherranefndinni fyrir þessa tillögu um samstarfsáætlun um norðurskautssvæðið fyrir árin 2015 til 2017. Ég tel að hér sé um mjög vandaða og faglega vinnu að ræða og í áætluninni komi fram mjög skýr framtíðarsýn sem rímar mjög við þær hugmyndir sem Norðurlandaráð hefur haft og við í Miðjuhópnum höfum talað fyrir í mörg ár.

Ég er glaður að sjá að beina á sjónum bæði að því jákvæða og því neikvæða. Við horfum upp á það að loftslagið er að breytast í heiminum. Það mun hafa áhrif á íbúana á þessu svæði og það að beina sjónum bæði að þróun samfélagsins og frumbyggjum tel ég að sé mjög jákvætt.

Gríðarleg tækifæri geta líka falist í því að norðurheimskautssvæðið opnast í meira mæli. Prófessor frá Harvard-háskóla benti á að ef siglingaleiðin fyrir ofan Rússland mundi opnast gæti verið tækifæri fyrir Bandaríkjamenn að opna umskipunarhöfn á eyjunni St. Pauli og hann mat áhrif þess svipuð og þegar Bandaríkjamenn reistu Hoover-stífluna á sínum tíma sem sýnir um hversu mikla hagsmuni er að ræða fyrir Norðurlöndin öll.

Að lokum vil ég segja: Þetta rímar mjög við það sem við Íslendingar höfðum fram að færa í formennskuáætlun okkar og líka það sem kemur fram í samstarfsáætlun Dana um hafið við norðurskaut (Det Blå Arktis) þannig að ég og við í miðjuhópnum munum styðja vel við bakið á þessari tillögu.

Skandinavisk oversættelse

Ærede præsident. Jeg vil begynde med at takke ministerrådet for forslaget til et Arktisk samarbejdsprogram for perioden 2015 til 2017. Jeg anser at

der er tale om et omhyggeligt og fagligt arbejde, og planen indeholder en klar fremtidsvision der harmonerer med Nordisk Råds idéer, og som vi i Midtergruppen har givet udtryk for i mange år.

Det glæder mig at se at der fokuseres både på det positive og det negative. Vi er vidner til klimaændringer i verden. De vil påvirke beboerne i vores region, og jeg finder det positivt at man fokuserer på samfundsudviklingen og urbefolkningen.

Enorme potentialer kan også udnyttes ved at de arktiske områder åbnes i højere grad. En professor fra *Harvard University* har påpeget at ved at åbne søruten nord for Rusland vil der skabes fantastiske muligheder for USA til at åbne en omlastningshavn på øen Sankt Pauli, og hav i mente at effekten kunne måle sig med da amerikanerne konstruerede Hoover-dæmningen i sin tid, hvilket viser hvor store interesser, der er tale om for hele Norden.

Afslutningsvis vil jeg sige: Dette harmonerer med det som Island fremførte i vores formandskabsprogram, og også Danmarks formandskabsprogram om Det Blå Arktis, og derfor vil jeg, og vi i Midtergruppen, støtte forslaget.

Information

Talenummer

275

Type

Hovedindlæg

Person

[Höskuldur Þórhallsson](#)

Talerverole

Midtergruppens talsperson

Dato

29.10.14 18:05

Sag

[Ministerrådsforslag om nytt arktiskt samarbejdsprogram 2015-2017](#)

